

STJÓRNARTÍÐINDI B 55 – 1995

Nr. 350

828

22. júní 1995

REGLUGERÐ

um ráðstöfun aflaheimilda skv. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 83, 20. júní 1995, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Aflaheimildum er nema 4.344 lestum af þorski og 506 lestum af ýsu miðað við óslægðan fisk, skal úthlutað til þeirra fiskiskipa, sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks í þorskígildum talið frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til yfirstandandi fiskveiðiárs.

Aflaheimildir af þorski og ýsu skv. 1. mgr. skal reikna til þorskígilda miðað við verðmætastuðla skv. 11. gr. reglugerðar nr. 405/1994. Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum þessum í sömu tegundahlutföllum og fram kemur í 1. málslíð þessarar mgr., til skipa sem hafa orðið fyrir skerðingu úthlutaðs aflamarks í þorskígildum talið á milli umræddra fiskveiðiára, sbr. 2. gr., þannig að skerðing umfram tiltekin mörk verði að fullu bætt. Þó skal ekkert skip fá úthlutað meiri aflaheimildum en sem nemur 10 þorskígildislestum.

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir fiskveiðiárið 1991/1992 og hins vegar yfirstandandi fiskveiðiár. Í þessu sambandi skal þó undanskilja skip sem hafa leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992 og skip sem voru á skipaskrá 1. maí sl. en hafa síðan verið úrelt skv. lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Skal miðað við aflahlutdeild skipanna eins og hún var hinn 1. maí sl. og úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamarki innan fiskveiðiáranna. Við útreikninga þessa skal ekki tekið tillit til úthlutunar á aflaheimildum úr Hagræðingarsjóði á fiskveiðiárinu 1991/1992, sbr. lög nr. 4/1992, eða úthlutunar til jöfnunar, skv. reglugerð nr. 414/1994. Við þannig útreiknað aflamark hvers skips á yfirstandandi fiskveiðiári skal í útreikningum þessum bæta aflamarki skv. reglugerð nr. 414/1994 eins og það hefði orðið miðað við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995 í stað 27. maí 1994, úthlutað aflamark af innfjarðarrækju á yfirstandandi fiskveiðiári og að ekkert skip skerðist um meira en 8,4%.

Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 405/1994. Sú hlutfallslega breyting sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiáranna 1991/1992 og 1994/1995 miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í l. nr. 83, 20. júní 1995, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbref og húsbrefaviðskipti.

1. gr.

10. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Íbúðarkaupandi eða húsbýggjandi telst vera að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, ef hann hefur ekki átt íbúð eða hluta úr íbúð síðastliðin 3 ár.

2. gr.

1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Skipta má fasteignaveðbréfi og húsbrefum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði íbúðar, sbr. 22. gr., ef umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar, þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en kr. 6.513.000 vegna nýrra íbúðar og vegna notaðra íbúða allt að kr. 5.427.000, þó aldrei hærri fjárhæð en kr. 3.256.000 vegna meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði, þó aldrei meira en 65% af samþykktri kostnaðaráætlun vegna viðbygginga, miðað við byggingarvísitölu 1. apríl 1995, 203 stig. Hámarksfjárhæð breytist ársfjórðungslega samkvæmt byggingarvísitölu í samræmi við breytingar á vísitölum og skal vera í heilum þúsundum króna.

3. gr.

14. gr. hljóði svo:

Ekki verður skipt á húsbrefum fyrir fasteignaveðbréf sem nemur lægri fjárhæð en kr. 705.000 miðað við byggingarvísitölu 1. apríl 1995, 203 stig. Lágmarksfjárhæð breytist ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölunni og skal vera í heilum þúsundum króna.